

Ed.

721. Frumvarp til laga

[301. mál]

um breyting á lögum nr. 53 29. maí 1972, um orlof húsmæðra.

Frá félagsmálanefnd.

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Til þess að standa straum af kostnaði við orlof húsmæðra skal sveitarsjóður leggja árlega fram fjárhæð, sem nemi minnst kr. 100 fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins. Fjárhæð þessi tekur breytingum eftir vísitölu framfærslukostnaðar og miðast við vísitöluna eins og hún er í febrúar ár hvert. Framlag þetta skal greiða orlofsnefnd viðkomandi orlofssvæðis fyrir 15. maí.

Orlofsnefndum er heimilt að láta orlofsþega greiða allt að 15% af beinum kostnaði orlofsdvalar, ef þörf krefur.

Heimilt er orlofsnefndum að geyma rekstrarfé orlofsins á milli ára, ef ástæða þykir til.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi 3. gr. III. kafla laga nr. 94 30. desember 1975, um breyting á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau.

Greinargerð.

Félagsmálanefnd hefur verið beðin að flytja frv. þetta og hefir orðið við þeim óskum félagsmálaráðherra án skuldbindingar um fylgi við málið.

Með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er lagt til að breytt verði gildandi lagaákvæðum um framlög sveitarfélaga til orlofs húsmæðra. Miðar frumvarpið að hækkuun þessara framlaga og að þau miðist að nokkru við vísitölu framfærslukostnaðar á hverjum tíma.

Fyrstu lögum um orlof húsmæðra voru lög nr. 45 frá 9. júní 1960. Í þeim lögum var svo kveðið á, að ríkissjóður skyldi ár hvert greiða til orlofssjóðs húsmæðra fjárhæð, er svaraði til minnst 10 kr. fyrir hverja húsmóður í landinu. Þá gerðu lög-in og ráð fyrir framlögum frá sveitarfélögum, en ekki var nánar kveðið á um þau framlög, svo að sveitarstjórnnum var í sjálfsvald sett hve há þau væru. Einnig var gert ráð fyrir því, að orlofssjóður húsmæðra nyti framlaga frá kvenfélögum og öðrum aðilum. Framlagi ríkissjóðs átti félagsmálaráðuneytið að skipta með hliðsjón af mót-framlögum heima fyrir á hverju orlofssvæði.

Árið 1972 voru lögum um orlof húsmæðra endurskoðuð og hin endurskoðaða útgáfa þeirra samþykkt sem lög nr. 53 frá 29. maí 1972. Í þeim lögum var svo kveðið á að ríkissjóður skyldi greiða til orlofs húsmæðra árlega fjárhæð, er svaraði minnst 100 kr. fyrir hverja húsmóður í landinu, og sveitarfélög skyldu greiða eigi minna en 50% á móti framlagi ríkissjóðs. Þá var og veitt heimild til þess að láta orlofsþega greiða allt að 15% af beinum kostnaði orlofsdvalar, ef aðrar tekjur nægðu ekki.

Með lögum 94/1975, um breytingar á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau, var svo gerð sú breyting á nefndum ákvæðum um greiðsur til orlofs húsmæðra, að ríkisframlagið var fellt niður, en í þess stað kveðið svo á, að sveitarsjóður greiði árlega upphæð sem svari minnst 150 kr. fyrir hverja húsmóður í viðkomandi sveitarfélagi.

Þegar fé var síðast veitt í fjárlögum til orlofssjóðs húsmæðra, þ. e. í fjárlögum fyrir árið 1975, var framlagið ákveðið 7.8 millj. kr., en af þeirri fjárhæð voru 300 þús. kr. ætlaðar til þess að standa straum af starfskostnaði landsnefndar.

Eins og fram kemur í framansögðu hefur framlag til orlofssjóðs húsmæðra hingað til miðast við fjölda húsmæðra, en í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að miðað verði við fólksfjölda í hverju sveitarfélagi. Ætti þessi breyting að verða til hagræðis við ákvörðun framlagsins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lágmark framlags sveitarfélags verði fjárhæð, sem svari minnst 100 kr. á hvern íbúa sveitarfélagsins, en það er samkv. gildandi lögum 150 kr. fyrir hverja húsmóður. Þessi breyting mundi hafa í för með sér talsverða hækkun á framlögum sveitarfélaganna.

Þá felst í frumvarpinu það nýmæli, að hið nefnda lágmark framlags breytist á ári hverju til samræmis við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar. Þetta er ákvæði, sem forvígiskonur í orlofsmálum húsmæðra hafa löngum haft áhuga á að koma í lög.

Ef frumvarp þetta verður að lögum munu breytingar þær, sem í því felast, verða til mikillar eflingar orlofsstarfssemi fyrir húsmæður í landinu, en hún er mikils metin af konum og hefur átt vaxandi vinsældum að fagna. Lögum um orlof húsmæðra og sú starfsemi, sem innt er af höndum samkvæmt þeim, hafa veitt margri húsmóðurinni kost á hvíld og tilbreytingu, sem hún hefði ekki getað notið ella. En jafnan ber að leggja á það áherslu, að þessi aðstaða til orlofs standi fyrst og fremst til boða þeim konum, sem hafa hennar mesta þörf og við erfiðust kjör búa.